

hefi eg messað hér fyrir laglegum hóp í hvort skifti, og í kvöld ætla eg að flytja tyrirlestur: „Frá öðrum heimi“, kalla eg hann. Hver veit nema eitthvað sjáist á prenti af honum seinna. Næstu viku verð eg í Marietta og býst við að fara til Seattle, Tacoma og Point Roberts. Þá er eg alveg óráðinn hvað eg gjöri.

Ekki hefi eg enn þá hitt einn einastamann, sem ekki er frjálslyndur í trúarskoðunum. Þeir eða þær geta náttúrlega verið til hér, en eg hefi ekki orðið var við þá. Hvað kyrkjufélagið kann að geta áunnið hér, let eg ósagt, en grunur minn er sá, að menn verði hér þungir fyrir. En óefandað er hægt að vekja hér illdeilur og þrautur.

Petta frjálslyndi hér svona alment er að nokkru leyti eðli-leg afleiðing af hinni afarmiklu breytingu á högum og landslagi og loftslagi. Vér sáum það austurfrá að við Íslendingar komum að heiman í nýja álfu, þar sem alt var öðruvísi en heima, tungan, þjóðin, lífshættir, landslag og veðrátta. Vér komum þar í nýja heima. Við fórum að starfa og við fórum að hugsa, miklu meira en áður. Nú koma menn af sléttunum, úr brennandi sumarhitum og nístandi vetrarfrostum, vestur á þessa strönd, og koma þar aftur inn í nýja heima, alveg ólika þeim, sem þeir lifðu í áður. Þeir sjá hér hin snjókrýndu fjöll, hina tröllslegu skóga, hið mikla úthaf. Þeir sjá hér indæla firði og víkur, blómlega aldingarða og sígræna jörð. Petta altsaman vekur í huga þeirra nýjar hugmyndir, andi þeirra verður miklu víðtækari, sjón sálarinnar verður miklu skarpari. Hinar gömlu hugmyndir eru prófaðar og vegnar og vei þeim, sem léttar finnast. Náttúrlega er það margur maðurinn, sem hefir komið frjálslega hugsandi hér vestur, en hinir sem ekki hafa vaknað þar af ýmsum ástæðum, þeim er mjög hætt við að vakna hér, og vakna þá stundum af illum draumi, og verða glaðir þegar þeir sjá blómin gróa og sólina skína um himingeiminn. Þeir kæra sig þá ekki um að sofna aftur og fara að dreyma drauma vonda og ljóta. Enda sést það ekki á neinu hér að fólk breyti ver á nokkurn hátt en þar, sem kyrkjan er í algleymingi. En það eitt er víst að hér er dálítið minna af hræsni og tvöfeldni, en sumstaðar annarstaðar.